**Félag fréttamanna** Ríkisútvarpinu · Efstaleiti 1 · 150 Reykjavík · Iceland
Society of Icelandic Broadcast Journalists

Reykjavík 10. apríl 1996

Guðjón Rúnarsson
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1380
komudagur 12/4 1996

Stjórn Félags fréttamanna hefur fjallað um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisns að ósk nefndarinnar.

Mörg veigamikil atriði í þessu frumvarpi snerta kjör félagsmanna í Félagi fréttamanna. Það hefur ætíð verið samið um kaup á þeim grunni að kjör opinberra starfsmanna að öðru leyti réttlættu lægri laun. Kjörunum verður því ekki breytt nema um það verði samið í samningum. Skerðing á kjörum hlýtur að leiða til hækkunar á taxtalaunum.

Stjórn Félags fréttamanna mælist því til þess að Alþingi hætti umfjöllun um frumvarpið og að um málið verði samið á réttum vettvangi áður en til löggjafans komi. Félag fréttamanna er ekki sátt við einhliða breytingar á kjörum félagsmanna.

f.h. stjórnar FF

G. Pétur Matthíasson

formaður